



ÁRSSKÝRSLA

2016-2017



Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

Leikskólinn Hnoðraból

September 2017.



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Sérstaða Hnoðrabóls	3
Hagnýtar upplýsingar um skólann	3
Skólahúsnaði og nemendafjöldi	4
Starfsfólk.....	5
Skóladagatal	7
Leikskólastarf.....	8
Sérstakir viðburðir	8
Þemavikur	12
Helstu verkefni og áherslur í starfinu	13
Samstarf leik- og grunnskóla	19
Foreldrafundur	19
Foreldrafélag og foreldraráð	20
Foreldraviðtöl	20
Stoð og sérfræðipjónusta	21
Símenntun veturinn 2016-2017.....	21
Mat á leikskólastarfi	22
Öryggismál skólans	22
Húsnaði og viðhald	22
Húsnaðimál Hnoðrabóls	22
Lokaorð	23



Inngangur

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. ágúst 2016 – 31. júlí 2017. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið á Hnoðrabóli þetta síðastliðna skólaár.

Leikskólastarf á Hnoðrabóli grundvallast af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Einnig byggjum við starf okkar á skólanámskrá Hnoðrabóls og skólastefnu Borgarbyggðar.

Sérstaða Hnoðrabóls

Á Hnoðrabóli er sérstök áhersla lögð á hreyfingu og hollt mataræði, tónlist, skapandi starf, náttúruna og nærumhverfi og höfum við haft að leiðarljósi þau markmiði sem Lýðheilsustöð setur heilsuefandi leikskólum í þeim efnum. Hrynjandi árstíðanna er dregin inn í skólastarfið, það sem hver árstíð hefur upp á að bjóða og er nærumhverfi okkar besta námsgagnið. Starfið grundvallast að hugmyndum John Dewey um nám og reynslu, kenningar Rudolf Steiners sem Waldorffuppeldisfræðin byggir á, stefna og hugmyndafræði Grænfánans og Skóla á grænni grein ásamt því byrjuðum við að stíga skefin að því að gerast heilsuefandi leikskóli. Að auki byggist skólastarfið síðast en ekki síst Leiðtoganum í mér sem byggir á hugmyndum Steven Covey um Venjurnar sjö. Þar er aðalmarkmiðið að undirbúa börnin fyrir þær áskoranir og tækifæri sem við búum við á 21. öldinni. Áhersla er lögð á leiðtogahæfni, ábyrgð, hugsa í lausnum, aðlögunarhæfni, samskipti, frumkvæði, sköpun, hópavinnu og fjölmenningslæsi. Börnunum eru gefin tækifæri til að finna leiðtogan í sér og vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Heimilisfang: Grímsstaðir

Símanúmer skólans: 433-7180, 433-7181, 840-1526,
862-0064

Leikskólastjóri: Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir,
sjofn@borgarbyggd.is

Deildarstjórar: Dagný Vilhjálmsdóttir og Guðmundur Freyr Kristbergsson og Eygló Rut Lúðvíksdóttir.





Heimasíða: www.hnodrabol.borgarbyggd.is

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 7:45 – 16.15. Tekið var á móti börnunum af báðum deildum inn á rauðu deild frá kl. 7:45-8:00. Eftir kl. 8:00 var tekið á móti börnum inni á viðkomandi deild.

Skólahúsnæði og nemendafjöldi

Ákvörðun um fjölda barna hverju sinin er tekin af leikskólastjóra í samráði við fræðslustjóra og/eða fræðslunefnd Borgarbyggðar, sbr. 2 mgr. 4. gr.laga nr. 90/2008. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal meðal annars tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérparfa, dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Frá því snemma árs 2012 hefur verið umræða um að finna Hnoðrabóli nýtt húsnæði þar sem núverandi húsnæði er löngu orðið of lítið og aðstaða ekki fyllileg. Vinnuhópur um húsnæðismál Hnoðrabóls var að störfum veturinn 2017-2016 en undir vorið 2017 var sett byggingarnefnd á lagnirnar og hefur hún haldið áfram að vinna að málefnum Hnoðrabóls. Byggingarnefnd boðaði starfsmenn og foreldra á kynningarfund í júní 2017, farið var yfir tillögur að staðsetning Hnoðrabóls að Kleppjárnsreykjum. Niðurstaða fundarins varð sú að starfsmenn og foreldrar væru einróma sammála um það að besta byggingarstæðið fyrir leikskólann Hnoðraból væri fyrir aftan parhús á mjög grónu svæði þar sem há té og byggingar veita skól fyrir ríkjandi vindátt.

Vorið 2016 hættu ein 8 börn. Þá var búið að keyra skólann með mikilli yfirsetningu svo ljóst var að ekki vært hægt að taka inn jafn mörg börn að haustu og hættu að vori, þar sem barnahópurinn var að yngjast upp. Að hausti 2016 byrjuðu þrjú börn og í desember komu tvö 12 mánaða gömul börn inn. Í byrjun janúar bættist við þriðja 12 mánaða barnið. Síðan hættu tvö börn í byrjun árs og eitt barn var tekið inn í febrúar og annað inn í mars 2017. Barnafjöldinn haustið 2016 var 19 börn, í desember eru þau 21 og í ársbyrjun 2017 voru þau 22 að tölu eftir að börn hættu og önnur komu inn.

Okkur tókst að taka öll börnin inn af biðlistanum en undir vorið fóru að berast fyrirspurnir um pláss fyrir börn sem voru hugsanlega að flytja á svæðið en ekki var hægt að verða við þeim beiðnum þar sem skólinn var fullsetinn og var því fólki vísað á aðra leikskóla, Hraunborg og Andabæ.

Fjöldi barna eftir árgöngum og kyni 1. des 2016



18. mán	2 ára	3 ára	4 ár	5 ár	Drengir	Stúlkur		Alls
1	7	2	5	4	8	11		19

Þann 1. apríl 2017 dvöldu 22 börn í leikskólanum með mislangan vistunartíma. Það voru 2 börn í 4 klst vistun og 20 börn í 7-8,5 klst vistun.

Fjöldi barna eftir árgöngum og kyni 1. apríl 2017.

12. mán	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára	Drengir	Stúlkur		Alls
3	8	2	4	4	10	12		22

Upplýsingar um aðlögun og flutninga á milli deilda.

Aðlögun barnanna gekk nokkuð vel, á Hnoðrabóli höfum við verið að notast við svokallaða þátttökuaðlögun. Hún byggir á þeirri hugmyndafræði að öryggi foreldra smiti eigin öryggiskennd yfir til barnsins með því að vera fullir þátttakendur í aðlögunarferlinu með barninu í þrjá daga. Aðlögun barna á milli deilda gekk vel þar sem mikið samstarf er á milli deilda daglega, en það hefði mátt kynna það betur fyrir foreldrum. Börnin færðust milli deilda um áramótin eða þegar 12 mán börnin komu inn.

Starfsfólk

Í ágúst 2016 störfuðu við skólann 7 starfsmenn í 6,65 stöðugildum auk ræstingar sem er ca. 25% starf og einn starfsmaður var í fæðingarorlofi. Tveir starfsmenn hafa leikskólakennaramenntun, einn grunnskólakennaramenntun og annar grunnenntun á háskólastigi. Sex starfsmenn voru í 100% starfi en einungis einn í hlutastarfi. Í janúar var ráðin sérkennslustjóri í 50% starf og voru þá stöðugildin 6,91. Fyrri hluti ársin 2017 varð okkur hér á Hnoðrabóli mjög erfiður vegna mannabreytinga. Í janúar 2017 fór einn starfsmaður í veikindarleyfi vegna barnsburðar í lok febrúar, það náðist að ráða inn starfsmann fyrir hann. Síðan hætti einn starfsmaður störfum 1. mars og annar starfsmaður fór í veikindleyfi í mars vegna barnsburðar í byrjun apríl og fjórði starfsmaðurinn hætti störfum 1. Júní. Staðan var ekki góð, við auglýstum mikið en fengum engin viðbrögð frá leikskólakennurum. Að lokum kom til starfa leiðbeinandi með reynslu sem var búsettur á Hvanneyri, hann hætti eftir viku þar sem hann fékk vinnu nálægt sínu heimili. Einn umsækjandi var með uppeldismenntun og reynslu af leikskólastarfi en hann hætti við að



koma hér til vinnu á síðustu stundu þar sem hann fékk ekkert leiguhúsnæði hér. Þegar líða tók á vorið og ljóst var að ekkert starfsfólk fengist til starfa þá var ákveðið að bregðast við aðstæðunum og gerð var aðgerðaráætlun. Hún fólst í því að stytta opnunartíma og skerta vistun frá 1. Júní til 12. Júlí. Foreldrar höfðu fullan skilning á þessum aðgerðum. Hvert barn var heima einn dag í viku og opnun var skert um 45 mín á dag, opnað var kl. 8.00 í stað 7.45 og lokað var kl. 15.45 í stað 16.15. Skólinn var búinn að vera undirmannaður lengi, starfsmenn búnir að gera sitt besta allan þennan tíma en svona álag er ekki gott í langan tíma svo þreyta gerði verulega vart við sig þegar líða tók á vorið. Skólinn var lokaður í 4 vikur en þeir starfsmenn sem áttu umfram sumarleyfisdag höfðu lítil tók á því að taka sína sumarfrísdaga vegna þessara sérstöku aðstæðna.

Starfsmannaviðtöl fóru fram í nóvember og mars 2016. Í samtölunum var meðal annars rætt um verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns, frammistöðu hans, líðan á vinnustað, starfsánægju, stjórnun, samskipti, markmið og hvaðeina annað. Einnig gafst færi á að skilgreina fræðsluþarfir starfsmanns á komandi tímabili ásamt óskum um starfsþróun. Gengu þessi viðtöl nokkuð vel.

Reynt er að hafa upplýsingaflæði gott til starfsmanna þar sem mikilvægt er að allir séu vel upplýstir svo þeir finni öryggi varðandi starfið. Á upplýsingatöflu fyrir starfsmenn eru skráð vikuskipulag, hvernig vikan lítur út og er uppfærð daglega. Að auki er dagatal yfir allt árið þar sem fært er inn fram í tímann atburðir sem tengjast starfsmönnum og starfinu. Tilkynningartafla er líka inná baði sem er notuð til að árétta eitt og annað sem tengist starfinu og starfsmannasamveru. Inn í eldhúsi í kaffihorninu er upplýsingaveggur með ýmsum upplýsingum og á borðinu er mappa með fræðsluefni sem starfsmenn geta gengið að og nýtt sér. Morgunfundir eru haldnir með leikskólastjóra og tveimur starfsmönnum af sitthvorri deild til að fara yfir komandi dag og ræða málefni líðandi stundar. Vikulega eru deildarfundurnir í 30 mín ef tími og aðstæður leyfa, á þessum fundum er starfið rætt í ró og næði sem er mjög mikilvægt.

Starfsmenn taka að sér leiðtogahlutverk í hinum ýmsu verkefnum. Velja þeir sér verkefni sjálfir út frá áhugasviði, reynslu og færni og hefur það gefist mjög vel.

Starfsmenn eru duglegir að koma með hugmyndir að skemmtilegri samveru utan vinnutíma. Boðið er heim til sín, farið á viðburði, leynivínavika, farið út að borð og svona mætti lengi telja.



Skóladagatal

Skipulagsdagar voru 5 skólaárið 2016-2017

- 19. ágúst
- 1. febrúar
- 18. apríl
- 19. apríl
- 21. apríl

Starfsmannafundir voru 4 skólaárið 2016-2017

- 20. september
- 11. janúar
- 4. apríl
- 5. júl



Leikskólastarf

Sérstakir viðburðir

Á Hnoðrabóli er haldið haldið uppá ýmsa viðburði, sérstaka daga, þemavikur og hefðir sem er hluti af okkar menningu. Til dæmis má nefna dagur Læsis, dagur íslenskrar náttúru, evrópski tungumáladagurinn, baráttudagur gegn einelti, Dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar, 112 dagurinn og Norræna bókasafnsvikan. Einnig búum við til fjölmarga daga sem eru öðruvísi og hluti af okkar menningu, þar má nefna búninga- og furðufatadagur, litadagur, dótadagur, útidótadagur, hjóladagur, bangsadagur, rafmagnslausi dagurinn, vasaljósadagur, náttafatadagur, hattadagur, sápuküludagur og þjóðardagar. Hér fyrir neðan verður gerð ítarlegri skil á nokkrum þeirra.

- **Smalakaffi**

Árlega fara börnin í smalakaffi upp í hesthús hér á Grímsstöðum. Börnin leika smala og rætt er um hvað smala gera. Stundum hafa þau stuggað við féi með hundinum á bænum. Að lokum er farið inn í hesthús og drukkið smalakaffi á kaffistofunni þar sem saman stendur af flatkökum, kleinum og heitu kakóki. Börnin þekkja hlutverk smala vel því það er eitt af þeim verkum sem foreldra þeirra margra vinna við á haustin.

- **Leiðtogadagur og 30 ára afmæli Hnoðrabóls.** Í apríl 2016 var tekin sú ákvörðun um að seinka Leiðtogadeginum fram að 20. október en þann dag á Hnoðraból 30 ára afmæli og fannst okkur tilvalið að slá þessum dögum saman að þessu tilefni.

Á sjálfan afmælsdag Hnoðrabóls þann 20. október gerðu börn og starfsmenn sér dagamun. Börnin komu sjálf með hugmyndir að því hvað þau vildu gera í tilefni dagsins. Meðal þess sem við gerðum var að blöðrudanspartý fyrir hádegi og börnin mættu í búningum, í hádegismatinn var afmælistizza.

Föstudaginn 21. október var Leiðtogadagur og um leið og haldið upp á 30 ára afmælið

Hnoðrabóls: Börnin sendu út boðskort til, forseta Íslands, sveitartjórnar, skólustjóra og foreldra. Dagskráin hófst kl. 14.15, börnin tóku á móti gestum og sýndu þeim hvernig þau vinna með venjurnar 7 og sýndu leikskólann. Að tilefni afmælisins sömdu börnin sögur um Hnoðraból



“SAGAN UM SÓLINA OG HJARTAÐ”. Sagan var lesin upp af einu barni og síðan fengu gestir hana að gjöf útprentað sem bók. Öll börnin komu að útgáfu bókarinnar, sagan var samin af börnunum á Gulu deild og bókakápan var í höndum barnanna á Rauðu deild. Börnin nutu hjálpar starfsmanna. Hér kemur sagan:

Einu sinni fyrir 30 árum var búinn til leikskóli í Reykholtsdal.

Leikskólinn fékk hjarta og hann er eins og þorp.

Og allir skemmta sér í leikskólanum.

Sólin skín inn í hjartað þegar krakkarnir breytast í sól.

Að dagskrá lokinni var boðið til afmælistakaffis. Hnoðraból fékk nokkrar afmælistgjafir, frá Borgarbyggð, öðrum leikskólum, starfsmönnum og börnum. Þökkum við kærlega fyrir okkur.

- **Grænfánaafhending og Dagur íslenskrar tungu 16. Nóvember 2016**

Löng hefð er fyrir því hér að börnin bjóða foreldrum í leikskólann á Degi íslenskrar tungu. Þann dag leika börnin leikrit eða syngja lög eftir íslenska höfunda. Að þessu sinni var ákveðið að breyta út af þeirri hefð þar sem Grænfánaafhending bar upp á þennan dag og nýlega var búið að halda upp á 30 ára afmæli Hnoðrabóls. Hnoðraból fékk Grænfánaútekt haustið 2016 og var endurnýjunin samþykkt. Það kom fulltrúi frá Landvernd, Ragnar Frank og afhenti hann okkur Grænfánann í annað sinn þennan dag 16. Nóvember 2016. Að þessu sinni fengum við skilti sem við hengdum á girðinguna þar sem fánarnir fara mjög illa í vindinum. Þema okkar að þessu sinni í er landslag og áttthagar. Að afhendingu lokinni, sem var úti, var farið inn og börnin buðu upp á pinnakökur sem þau höfðu bakað en það hefur verið löng hefð fyrir því að bakaðar séu pinnakökur á Hnoðrabóli.

- **Piparkökubakstur** var haldinn 2. desember. Þá mættu foreldrar uppúr hálf tvö með bökunargræjur og bjuggu til piparkökur með börnunum sínum. Börnin höfðu útbúið deig fyrir alla með matráði. Síðan fóru kökurnar í ofninn og voru borðaðar heitar í síðdegishressingunni. Börnin sungu líka nokkur jólalög fyrir foreldra. Mikil ánægja var með þennan viðburð og mættu flestir foreldrar.



- **Kirkjuferð** var farin þann 9. desember. Klukkan 15:15 var farið fram í Reykholtskirkju þar sem séra Geir tók á móti okkur, börnin fóru með foreldrum sínum og starfsfólk kom líka. Löng hefð hefur verið fyrir þessari ferð og er hún val þeirra sem vilja koma með. Séra Geir sýndi börnunum hvernig kirkjuklukkunum er hringt og fengu börnin að prófa eitt í einu. Síðan var farið inní kirkjuna og sest á teppið fyrir framan tröppurnar. Þar sagði séra Geir sögur og börnin sungu jólalög fyrir hann og foreldra. Börnin voru mjög áhugasöm og sveipaðist kirkjan ævintýraljóma og fannst börnunum gaman að skoða, prófa og kíkja en þau voru líka nokkuð dugleg að sitja á teppinu og hlusta.
- **Jólaball** var haldið á þrettándanum og er það einnig gömul hefð í samvinnu við foreldrafélagið. Dansað var í kringum jólatréið og jólasveinninn komu færandi hendi með pakka fyrir öll börnin. Foreldrar komu með veitingar á hlaðborð og drykki fyrir sitt barn. Áður en allir fóru heim var kveikt í flugeldum úti í garði og stjörnuljósum. Það má segja að þannig kveðjum við jólin með tákrænni athöfn á þrettándanum. Mjög góð mæting var og foreldrafélagið stóð vel að þessu jólaballi.
- **Þorrablót** var haldið 8. febrúar, þá borðuðum við þorramat, sungum þorrasöngva og börnin bjuggu til víkingahöfuðfat. Um leið fræddumst við um gamlar hefðir, til dæmis matarvenjur og klæðaburð og sýndu börnin þessum degi mikinn áhuga.
- **Dagur leikskólans:** var haldinn hátíðlegur í tíunda sinn 6. febrúar árið 2017. Í tilefni þess var foreldrum boðið í heimsókn mánudaginn 6. febrúar frá kl. 15.00-16.00. Börnin tóku á móti foreldrum, þau fóru í það hlutverk að vera kennarinn sem væri að kenna foreldrum að vera í leikskólanum. Foreldrar tóku þátt í leik með sínu barni/kennaranum. Markmið með deginum er að fá tækifæri og vekja athygli á daglegu starfi leikskólans. Í boði voru nokkrar stöðvar sem börnin og foreldrar gátu valið á milli. Mæting var nokkuð góð hjá foreldrum og áttu þau ánægjulega samveru með sínu barni í leikskólanum.
- **Bollu-sprengi-og öskudagur:** á Bolludaginn fengu börnin fiskibollur í matinn. Boðið var uppá vatnsdeigsbollur í síðdegishressingu með sultu, glassúr og rjóma. Á sprengidaginn var borðað saltkjöt og baunir. Fyrir Öskudaginn var send út dagskrá fyrir daginn á foreldra þar sem farið var yfir daginn og hvað við gerum. Börnin mættu í búningum, boðið var uppá andlitsmálun, haldið var öskuball og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Börnin höfðu útbúið tunnuna úr gömlum kassa



og skreytt. Í tunnunni var snakk fyrir alla í pokum. Síðan var pizza í matinn og eftir hvíldina var farið í gönguferð til Steinu á Grímsstöðum. Börnin sungu lög fyrir Steinu og fengu að launum nammipoka. Dagurinn heppnaðist vel þó svo að við höfum breytt út af vananum og sleppt rútuferð fram í Reykholt að þessu sinni vegna framkvæmda við endurnýjun á Fosshótelinu og að fáir starfsmenn voru í húsi.

- **Brúðuleiksýning:** Foreldrafélag Hnoðrabóls stóð fyrir brúðuleikshússýningu 18. maí í samvinnu við foreldrafélagið í Andabæ. Bernd Ogrodnik kom með sína frábæru brúðuleikhússýningu Íslenski Fíllinn og fengum við Logaland að láni þar sem húsnæði á Hnoðrabóli tekur ekki þennan fjölda. Mæting fór fram úr björtustu vonum, það voru um 80 manns sem sáu sýninguna og það komu heilu fjölskyldurnar til að sjá hana. Unnið var með söguna í leikskólanum sérstaklega eftir sýninguna og efnið hennar notað til umræðu um vináttu.

- **Útskriftarferð elstu barna í Vatnaskóg 19.maí-** Að þessu sinni fóru 4 börn og 1 starfsmaður í ævintýraferð í Vatnaskóg ásamt börnum frá Andabæ og Klettaborg. Dagurinn hófst á því að börnin borðuðu morgunmat hér í leikskólanum. Síðan kom rúta og sótti þau og keyrðu þau niður á Andabæ og þaðan fóru börnin öll saman í rútu í Vatnaskóg. Börnin voru glöð og spennt fyrir ævintýrunum sem biðu þeirra í Vatnaskógi. Dagskráin samanstóð af samhristingi, göngu- og fræðsluferð um skógin, frjáls tími í leiktækjum og bátsferð. Boðið var uppá hádegisverð og síðdegishressingu sem lauk með kveðjustund þar sem afhent var viðurkenningarskjal fyrir heimsóknina. Heimferð gekk snuðrulaust fyrir sig og allir voru komnir heim um 17:00 glaðir og ánægðir með daginn. Það er mjög gömul hefð hér fyrir því að fara með elstu börn í Vatnaskóg og hafa þau öll haft jákvæða og uppbyggilega reynslu af þessari ferð.





Opið hús, útskrift og fjör- Útskrift var haldin þriðjudaginn 23. maí 2016. Þennan dag var gestum, foreldrum, systkinum, ömmum og öfum boðið á opið hús, útskrift og fjör. Tekin var ákvörðun um að halda athöfnina að hluta til úti þar sem veðrið bauð uppá það. Dagskráin hófst á því að öll börnin sungu lög, síðan var haldin útskriftarathöfn þar sem elstu börnin fengu útskriftaskjal og kveðju hjarta frá Hnoðrabóli. Að því loknu buðu börnin sem voru í leitogahlutverkum gestum að skoða skólann og taka



þátt í hinum ýmsu verkefnum og



leikjum. Aðalatriði dagsins var frumsýning á stuttmyndinni um Litlu rauðu hænuna sem öll börnin tóku þátt í

að gera. Gestir komu í hollum inn í sýninarsalinn sem var á gula deild til að horfa á kvikmyndasýningu. Má segja að sýningin hafi slegið í gegn, þetta listform er mjög skemmtilegt, þarna er hægt að láta hvert og eitt barn njóta sýn á sínum forsendum og allir voru tilbúnir að vera með. Börnin lærðu svo margt á þessari vinnu til dæmis að saman getum við meira og allir geta lagt eitthvað að mörkum. Ljóst er að við munum halda áfram að gera stuttmyndir í framtíðinni. Góð mæting var þennan dag og heppnaðist dagurinn frábærlega vel.

Þemavikur

- **Tannverndarvika**

Þá fræddust börnin um tennurnar og hvað við getum gert til að hugsa vel um þær. Börnin gerðu hinu ýmsu tannverndarverkefni og fræddust um tannvernd þar sem sköpuðust miklar umræður um tennurnar sem þróuðust úti almenna heilsu og pælingar um hollt matarræði.

- **Mannasiðavika**

Þá lærðum við markvisst um mannasiði og hvað það sé að vera kurteis. Við skoðuðum bækur



og sögðum dæmisögur sem börnin eiga auðveld með að yfirfæra á daglegar athafnir. Þessi vika hjálpaði okkur að leggja grunn að góðum samskiptum fyrir veturinn.

- **Góðverkavika**

Þá töluðum við um góðverk, hvað er að vera góður og börnin spurð hvernig þau geta gert góðverk. Börnin voru mjög virk og höfðu mikinn áhuga á góðverkum og komu með skemmtilegar sögur að heiman.

- **Réttarvika**

Hún var haldin í september. Börnin eru mjög meðvituð um réttir og hvað þær snúast um þar sem margir foreldrar fara í leitir og eru frá í nokkra daga. Höfum við fært réttarstörfin og búið til réttarþema inní leikskólann. Við fórum í raun í hlutverkaleik þar sem við breyttumst í smala og gerðum margt sem smalar gera. Til dæmis höfðum við hvíldina hjá eldri börnunum inní „smalakofa“, síðan fórum við uppí hesthúsið á Grímsstöðum og fáum okkur smalakaffi og á leiðinni þangað var leitað að kindum til að smala.

- **Bókavika** er nokkrum sinnum á árinu. Þá koma börnin með bækur að heiman sem eru gjarnan lesnar fyrir þau í hvíldinni eða á öðrum tíma yfir daginn.

- **Umferðarvika** fór fram í október. Þá fræddumst við um umferðarreglurnar, öryggi í umferðinni og við nýttum okkur myndbönd um umferðaröryggi. Börnum bjuggu umferðarljos og leku þau umferðaleiki, bjuggu til bíla og margir fóru í það hlutverk að vera lögregla.

- **Eldvarnarvika** fór fram í nóvember. Þá viku heimsækjir slökkviliðsstjóri leikskólann. Hann fræddi börnin um eldvarnir þar sem Glóð og Logi spila lykilhlutverkið. Elstu börnin fengu verkefni til að vinna og viðurkenningu fyrir fræðsluna. Annan dag kom slökkviliðsmaður keyrandi á slökkvibíl sem börnin fengu að skoða og setjast uppí.

Helstu verkefni og áherslur í starfinu

- **Leiðtoginn í mér**

Hugmyndafræðin er að festast vel í sessi og er skólastarfið allt að litast af því. Börnin hafa lært og eru meðvituð um Venjurnar 7 og hvað það sé að vera leiðtogi, þó er það misjafnt eftir aldri og þroska barnanna. Innleiðingu og þróun á verkefninu var haldið áfram síðasliðinn



vetur en þó hafa mannabreytingar haft áhrif þar sem nýtt starfsfólk hafði ekki setið námskeið um hugmyndafræðina. Börnin völdu sér leiðtogahlutverk sem breyttust vikulega.

Hugmyndafræðin var einnig vel kynnt á foreldrafundi um haustið.

- **Grænfáni** – Grænfánanum var flaggað í fyrsta sinn á Hnoðrabóli í júní 2014 en við fengum hann endurnýjað 16. nóvember 2016 í annað sinn. Okkar þema að þessu sinn er landslag og áttthagar.

Markmiðin eru þessi:

1. Að kynnst sínu nánasta umhverfi og náttúru
2. Að læra um landslagið og örnefnin í kring
3. Að halda á lofti gildi ræktunar
4. Gefa fuglunum á veturnar
5. Búa til kort af Borgarfirði sem sýnir heimili barnanna.

Okkur gekk nokkuð vel með markmiðin og það síðast að búa til kort af Borgarfirði var mjög skemmtileg samvinnuverkefni á meðal barnanna. Nokkur markmið hafa



fest sig í sessi hjá okkur, til dæmis hafa matarafgangar verið nýttir sem dýrafóður, söfnun á rafhlöðum í rafhlöðuendurnýjunardall, prenta báðu megin á blaðsíðu, rækta grænmeti, vera meðvituð um matarsóun, hugsa um gróðurinn til dæmis þegar grasið verður að drullu þá setjum við niður rauðan fána sem er merki um að nú þarf grasið að gróa og ekki má ganga á því í svolítintíma. Svona umræða og verkefni fær börnin til að hugsa og yfirfæra sína reynslu á svo margt. Á komandi vetri munum við setja okkur ný markmið en skólastarfið fellur vel að hugmyndafræði Grænfánans þar sem aðstæður hér bjóða uppá það.

- **Tónlist**- Söngur, tónlist, þulur og vísur er ríkur þáttur í starfi skólans þar sem það er hluti af allri þjóðmenningu. Síðastliðna tvo vetur höfum við verið í samstarfi við Dóru Ernu tónlistarkennara að vinna markvisst með námsefni í tónlist. Hún kom inn í leikskólann einu sinni í viku, klukkutíma í senn og hitti þá börnin í litlum hópum. Notaðist hún meðal annars við





Tónmál/Tóngull sem er nýtt tónlistarnámsefni og tengist læsi. Einnig tók hún tónlistarefni tengt Pétri og úlfnum ásamt öðru efni. Börnin sem voru í tónlist síðastliðin vetur voru einstakleg spennt og áhugasöm þegar byrjað var aftur. Það var mat allra að haldið yrði áfram næsta vetur ef hægt væri.

- **Vinnáttuverkefni Barnaheilla-** Árið 2016 fóru fyrstu starfsmennirnir á vinnáttunámskeið hjá Barnaheillum og síðan fóru þrír í byrjun árs 2017. Vinaverkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Verkefnið byggir á fjórum grunngildum sem eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Í verkefnatöskunni eru umræðuspjöld með stórum myndum, vinanuddahefti, fróðleikur og leiðbeiningar fyrir starfsmenn, tónlistarefni, krísusögur fyrir foreldra og starfsmenn og bangsinn Blær. Hann er stór bangsi sem tánkar vináttuna og minni börnin á að gæta hvers annars. Öll börnin fengu sinn Blæ sem er minni útgáfa af stærri bangsanum. Hann á heima í leikskólanum og þeim er kennt hvernig hann getur hjálpað. Verkefnið fór vel að stað og eru börnin mjög áhugasöm og ánægð með sinn Blæ. Ákveðið var að Blær myndi fylgja elstu börnum upp í grunnskóla, má segja að það hafi verið smá tilraunaverkefni en kennsluefnið fyrir grunnskólann er ekki tilbúið. Frá Hnoðrabóli fór kennarar niður í grunnskóla að hausti með töskuna hans Blæ og las sögu fyrir börnin. Við vitum að börnin í grunnskólanum taka Blæ og knúsa hann stundum sem er vel en ánægjulegt verður þegar grunnskólinn getur tekið þetta efni inn til sín. Við erum hæstánægð með vináttuverkefnið Blæ, kennsluefnið er aðgengilegt fyrir kennarana og námsefnið skemmtilegt fyrir börnin.





- **Útinám-** Á Hnoðrabóli eru mjög góð tækifæri til útináms þar sem náttúran og dýralíf er fjölbreytt. Börnin fóru reglulega í gönguferðir þar sem ferðin var skipulögð sem kennsluferð þar sem þema, úrvinnsla og skráning væru hluti af ferðinni. Lengd ferðar var höfð við hæfi, aldur og getu barnanna. Afar vinnsælt er að taka með sér nesti og borða í ferðinni. Þegar



heim var komið var safnast saman og farið yfir það sem börnin upplifðu í ferðinni, skráning á ferðasögu, myndir og börnin bjuggu til sögu og ljóð um ferðina. Þetta tókst vel og höfum við nýta spjaldtölvur og farsíma leikskólans í meira mæli. Við leggjum áherslu á að börnin séu upplýst og þau finni til öryggis í ferðinni. Ferðinar voru afar misjafnar en við skoðuð vel Grímsstaðarlandið og fórum til dæmis í ferðir

niður að Reykjadalssá ásamt því að fara inn á Eggertsflöt.

- **Numicon- Töluleikur**

Skipulagðar voru sérstakar Töluleiksstundir fyrir öll börnin þar sem þau lærðu að nota námsefnið og fengu að prófa sig áfram. Okkur gekk vel að yfirfæra hugmyndafræðina inní aðrar stundir og í frjálsa leikinn. Börnin hafa sýnt efninu áhuga og sjálf fengið færni til að nýta sér það til þekkinga. Einnig var gaman að sjá hvernig börnin yfirfæra sinn hugarheim yfir á Töluleikinn.



- **Vísindaleikur-** Einn starfsmaður sótti námskeið um vísindi í leikskólaskólastarfi snemma árs 2106. Vísindastundir voru skipulagðar fyrir eldri hluta barnanna einu sinni í viku. Fóru stundirnar fram bæði inni og úti þar sem fór fram fræðsla og börnin unnu vísindaverkefni. Ánægjulegt var að sjá hvað börnin eru dugleg við að færa þekking inn í frjálsaleikinn. Vísindaleikir-nám veitir börnunum meiri vitund til að skilja umhverfið og fjölbreytileika efna o.mfl. Við munum svo sannalega halda áfram að bjóða börnum upp á nám í vísindaleikum.



- **Myndlist-** síðastliðið haust settum við okkur markmið að vinna markvisst með upplifun og ferli barnanna í myndlistarvinnu, sérstaklega með yngri börnin. Síðastliðin vetur unnum við með allskonar massaefni þar sem börnin rannsökuðu og könnuðu efnið. Markmiðið er að börnin nái að upplifa og skapa á sínum foresendu þannig að sköðunarferlið og áræðni þeirra byggist upp. Við lögðum áherslu á að kennarinn skrái ferlið niður með því að nota spjaldtölvu þannig að hægt væri að nota myndir við skráningu. Börnin unnu nokkur verkefni saman sem við teljum að sé mjög lærdósmríkt.
- **Elstu börn og læsi-** Hugað var að því að gera umhverfi elstu barnanna sýnilegra með rituðu máli þar sem ritað mál var sett á athafnir, lykilorð úr sögum skrifað uppá töflu, leikið með orðin, taka þau í sundur og setja ný orð saman,





klappa samstöfur og margt fleira. Námsfnið *Leikum og lærum með hljóðin* er notað og forritið í spjaldtölvunni markvisst notað sem kennslufni ásamt öðru efni.

- **Menning og nærsamfélag**

Börn eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Til að virkja þau þurfa þau að kynnast samfélaginu og menningunni sem þar ríkir sem og að fræðast um ólíka menningaheima. Börnin á Hnoðrabóli eru af ólíkum uppruna og eiga foreldra af mismunandi þjóðernum. Við höfum verið dugleg að kynna okkur og fræðast um þeirra þjóðerni. Einnig nutum við góðvildar nærsamfélagsins, til dæmis vinskapur við ábúendur á Grímsstöðum, heimsókn í Reykholt í Snorrastofu og í kirkjuna.

- **Útileikfimi**

Það sem við höfum mjög lítið rými til að vera með leikfimi inni tókum við þá ákvörðun fyrir tveimur árum að bjóða upp á leikfimi úti þegar veður leyfir. Börnin eru í litlum hópum og hafa þau fundið sig eintakleg vel í þessu skipulögðum útítímum. Þar er hægt er að vera með fjölbreyttari hreyfingar, hægt er að nota lóðina á mjög skemmtilegan hátt og má segja að árekstra meðal barnann er enginn og allir mjög glaðir með þessa tíma.

- **Skráningar-** Við höfum verið að innleiða vinnu með skráningar hægt og rólega síðastliðinn tvö ár og færni starfsmann er að aukast. Í desember útbjó hvert og eitt barn jólagjöf og var unnin jólagjafaskráning samfara því ferli. Teknar voru myndir af hverju og einu barni og skráð þeirra lýsingu á því sem þau voru að gera. Sum börn gátu skrifað sjálf inni jólagjafakortið á meðan sum börn sömdu textann sjálf en kennarinn skráði. Jólagjafaskráningin fylgdi síðan með í pakkanum fyrir foreldra svo þau gætu skoðað jólagjafaferlið hjá sínu barni.



Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn Hnoðraból og Grunnskóli Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjadeild hafa útbúið samstarfssamning sín á milli og byggir hann á eftirfarandi markmiðum:

- Að styrkja og efla leik- og grunnskóla
- Að kennarar kynni sér starfsemi hvors annars
- Að gera samvinnu á milli skóla markvissari

Tilgangur samstarfs milli skólastiga er að tryggja að skólaganga barnanna myndi samfellu og að byggt verði ofan á nám og reynslu þeirra til að geta veitt börnunum öryggi og ný námstækifæri. Á hverju hausti er unnin samstarfsáætlun milli Hnoðrabóls og Grunnskóla Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjadeildar. Að hausti er starfið skipulagt, settir eru inn atburðir og markmið og síðan er endurmat að vori. Þetta árið fóru elstu börnin í leikskólanum í fimm heimsóknir í grunnskólann og komu börnin í 1. og 5. bekk í heimsókn í leikskólann einu sinni hvor hópur. Hefð hefur verið fyrir því að 5. bekkur verði vinabekkur elstu barnanna í leikskólanum. Misjafnt var hversu langar heimsóknirnar voru en í maí fóru elstu börnin heilan skóladag í grunnskólann þar sem skólarúta kom heim og sótti börnin líkt og verður gert um haustið þegar þau byrja í grunnskólanum.

Í vor var haldinn skilafundur með, sérkennslustjóra leik-og grunnskóla, deildarstjóra grunnskólans, kennurum og sérkennsluráðgjafa. Á þessum fundi miðlaði sérkennslustjóri Hnoðrabóls upplýsingum vegna flutings nemanda milli skólastiga á þar til gerðu matsblaði frá leikskólanum. Matsblaðið var fyllt út af sérkennslu- og leikskóla og deildarstjóra, síðan voru foreldrar boðaðir og þeir fengu tækifæri til að koma með sínar ábendingar og matsblaðið var undirritað af báðum aðilum. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá öllum aðilum, foreldrar finnst þessi leið mjög jákvæð. Leikskólanum finnst gott að vinna matsblaðið á þennan hátt og grunnskólanum finnst þetta hjálpa þeim að mæta hverju og einu barni á þeirra forsendum.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn 8. október þar sem leikskóla- og deildarstjórar kynntu starfið framundan fyrir foreldrum. Einnig þær nýjungar sem við hygðumst innleiða og leggja áherslu á yfir veturinn, líkt og Töluleik. Að auki var rætt um Námskrá Hnoðrabóls, grunnþætti Aðalnámskrár, hugmyndafræði



Leiðtogans í mér, Grænfánann og fleira. Foreldrar settu fram hugmyndir varðandi skólastarfið og nýtt foreldraráð var myndað.

Foreldrafélag og foreldraráð

Leikskólastjóri Hnoðrabóls hefur nýtt sér undanþágu til stofnun foreldraráðs til sveitarfélagsins vegna fámennis og því starfar foreldraráðið á Hnoðrabóli sem foreldrafélag líka. Foreldraráðið var kosið á aðalfundi



foreldrafélagsins sem var haldinn að hausti um leið og almennur foreldrafundur leikskólans var haldinn. Fundir í ráðinu voru haldnir reglulega og sat leikskólastjóri þá, þar sem meðal annars var farið yfir starf skólans, starfsáætlun, aðrar áætlanir, gefnar umsagnir og leikskólastjóri upplýsti foreldra um meiriháttar breytingar líkt og húsnæðismál. Eftirfarandi foreldrar voru kosnir í stjórn vetur 2016-2017: Krístrún Snorradóttir formaður, Vigdís Sigvaldadóttir gjaldkeri, Anna Lís Hilmaradóttir ritari.

Foreldraviðtöl

Gefist hefur vel að halda haustviðtölin í byrjun október og síðara viðtalið í febrúar. Markmið foreldraviðtala að hausti var að ræða stöðuna eftir sumarið og haustið og leggja línurnar fyrir veturinn. Þannig gátu foreldrar einnig haft tækifæri til að segja sína skoðun og setja fram sínar óskir varðandi sitt barn. Markmiðið með seinni foreldraviðtalinu var að fara yfir stöðu barnsins út frá ýmsum þroskapáttum, færni og áhugasviði. Viðtölin gengu vel, ekki var hægt annað að sjá en að bæði foreldrum og starfsmönnum væri mjög umhugað að eiga gott samtal um velferð barnanna.

Foreldrakönnun

Í mars 2017 var lögð fyrir foreldra foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins:

Mældir voru 26 þættir í sex flokkum og eru þeir þessir:

1. Daglegt starf í leikskóla
2. Námsumhverfið



3. Samskipti við foreldra
4. Upphaf og lok leikskólagöngu
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta
6. Opin svör

Svarhlutfall foreldra Hnoðrabóls var 100% sem er mög ángæjulegt. Í heildina kom könnunin vel út en það eru nokkir þætti sem foreldrar eru ekki ánægðir með. Það eru þættir sem vitað var af eins og lélegt húsnæði, heimasíða skólans óvirk og fluttningur barna milli deilda ekki kynntur nægjanlega vel fyrir foreldrum. Út frá niðurstöðum skoðum við hvað mætti betur fara og hvað er vel gert. Niðurstöðurnar eru notaðar á uppbyggilegan hátt fyrir skólann til að efla allt það góða starf sem þar fer fram.

Stoð og sérfræðipjónusta

Sérkennslustjóri hafði umsjón með málefnum barna sem þurftu á stuðning að halda. Lögð var áhersla á snemmtæka íhlutun sem fólst í því að nota markvissar aðgerðir til að stuðla að þroskaframvindu barna. Skólinn hefur aðgengi sérfræðingum á vegum Borgarbyggðar. Það eru sál- og talmeinafræðing þegar þörf er á, en sérkennsluráðgjafi kom reglulega, einu sinni í mánuði. Nýttust heimsóknir hans vel fyrir foreldra, börn og starfsmenn. Alls nutu sex börn sérfræðipjónustu og stuðnings að einhverju tagi. Unnið var með börn í litlum hópum til að efla og styrkja þau í þeim þáttum sem þörf var á, eftir þeim einstaklingsmarkmið sem sett voru.

Símenntun veturinn 2016-2017

Starfsmenn voru hvattir til að huga að sinni símenntun sem samræmdist þörfum leikskólans og óskum starfsmanna. Þessi símenntun samanstendur af fyrirlestrum inni leikskólanum, námskeið fyrir starfsmenn, netnámskeið og jafningafræðslu. Á síðastliðnu ári sóttu starfsmenn hin ýmsu námskeið meðal annars þessi: Vinnáttuverkefni Barnaheilla, Hugarflug/ nýsköpun-og frumkvöðlamennt, nám yngstu barna, Lubbi-Skapandi og árangursrík vinna með mál, tal og læsi. Starfsmenn fóru í násmferð til New York daganna 18- 23. apríl þar sem þeir heimsóttu tvo leiðtogaskóla og einn einingakubbaskóla. Starfsmenn voru hvattir til að afla sér upplýsinga um nýbreytni í skólastarfi og nota netið í slíka þekkingaröflun. Við vorum ánægð með að geta sótt okkur þessa símenntun þó svo að alltaf þurfi að skipuleggja skólastarfið þann daginn með hliðsjón að starfsmannafjölda. Á starfsfólk hrós skilið fyrir sveigjanleika, áhuga og virkni á þátttöku í símenntun.



Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi fer fram á fjölbreyttan hátt og er sífellt í endurmati svo gildi, markmið og leiðir stuðli að áframhaldandi þróun skólans. Matið var nýtt til umbóta á starfinu og var samofið við daglegt starf. Í vetur hefur það fram á deildar- og starfsmannafundum og starfsdögum þar sem starfið var ígrundað útfrá faglegu sjónarmiði þar sem börnin eru í brennidepli. Til dæmis fyrirkomulag náms og leikja, samverustunda, útivistar, athafnir daglegs lífs og svo margt fleira.

Einnig fór mat fram í foreldraviðtölum þar sem skráð voru niður skoðanir og ábendingar frá foreldrum og unnið var með þær. Starfsmannaviðtöl fóru fram í mars. Þar er rætt um starfið, starfsumhverfið og er það góður vettvangur til að meta hæfni og markmið sem stuðla að þróun starfsmannsins.

Börnin tóku þátt í mati á skólastarfinu á sinn hátt með því að láta skoðanir sínar í ljós á margvíslegan hátt. Líðankönnun var lögð fyrir elstu börnin þar sem líðan, ánægja, áhugi og skoðanir komu í ljós. Niðurstöður sýndu að börnunum leið almennt vel í leikskólanum og áberandi var hversu gaman þeim fannst í hreyfistundum og tónlist.

Öryggismál skólans

Í leikskólanum er til viðbragðsáætlanir og ferli vegna slysa og slysaskráning. Starfsólki er kennt algengustu viðbrögð við slysum og helstu slysaættur skoðaðar reglulega. Á starfsmannafundi var farið yfir þessar áætlanir og ein brunaæfing var haldin á síðast vetri. Nokkrir starfsmenn sóttu skyndihjálparnámskeið.

Húsnæði og viðhald

Töluvert viðhald er komið á húsnæðið, brugðist var við ábendingum frá heilbrigðiseftirliti en það á eftir að bregðast við úttekt frá BSI á Íslandi en hún var gerð vorið 2017.

Húsnæðimál Hnoðrabóls

Á síðastliðnum vetri var starfandi vinnuhópur um húsnæðismál Hnoðrabóls en búið er að ákveðið að færa skólann niður að Kleppjárnsreykjum og búa honum þar framtíðarhúsnæði þar sem núverandi húsnæði er löngu orðið of lítið og aðbúnaður ekki viðunandi. Vinnuhópurinn lauk störfum undir vorið og þá var sett á laggirnar byggingarnefnd sem tók við störfum vinnuhópsins. Byggingarnefndin fundað nokkur stíft vorið 2017 með nefnarmönnum, leikskólastjóra, hönnuði, umsjónarmanni fasteigna hjá Borgarbyggð og sérfræðingum.



Lokaorð

Þegar lítið er yfir síðasta skólaár þá stendur uppúr hversu erfitt var að manna skólann og af þeim sökum þurftu börnin að vera heim einn dag í viku frá því 1. Júní til 12. Júlí. Það sem við lærum af þessu er það að hver starfsmaður er dýrmætur og það þarf að hlúa vel að mannauðnum okkar. Skemmtilegasta við árið er hvað mikil gróska, framsækni og metnaður er í öllu skólastarfi í Borgarbyggð. Við vonumst til að á komandi skólaári rísi nýtt húsnaði leikskólans Hnoðrabóls þar sem starf skólans mun blómstra sem sveitaskóli. Megi bjartsýni og Venjurnar 7 í Leiðtogafræðunum verða leiðarljósi í öllum þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur með börnum, foreldrum, starfsmönnum og sveitarfélaginu. Framtíðarsýnin er að byggja upp góðan skóla en gott skólastarf er ein af megin grunnstoðum hvers samfélags. Ég vil í lokin þakka öllum þeim sem hafa komið að starfi Hnoðrabóls fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllist

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

Leikskólastjóri Hnoðrabóli.